

Fundargerð aðalfundar Samtaka orkusveitarfélga árið 2018

Aðalfundurinn fór fram 10. október á Hilton Reykjavík Nordica og hófst fundurinn kl. 15:00. Löglega var boðað til fundarins. Alls voru fulltrúar frá 19 aðildarsveitarfélögum mættir, auk Helgu Guðrúnar Jónasdóttur, starfsmanns samtakanna. Á dagskrá fundarins voru eftirfarandi liðir:

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningur félagsins fyrir árin 2016 og 2017 lagðir fram til samþykktar.
3. Starfs- og fjárhagsáætlun lögð fram ásamt ákvörðun um árgjöld og þóknun til stjórnar
4. Lagabreytingar
5. Kosning formanns stjórnar, annarra stjórnarmanna og varastjórnar til tveggja ára
6. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara til tveggja ára
7. Aðildargjöld
8. Önnur mál

Formaður samtakanna, Stefán Bogi Sveinsson bauð aðalfundarfulltrúa velkomna og lagði síðan til að Gunnþórun Ingólfssdóttir yrði fundarstjóri og Karl Óttar Pétursson yrði ritari. Var það samþykkt samhljóða.

Í upphafi fundar héldu þau Guðrún Pétursdóttir formaður verkefnastjórnunar rammaáætlunar og Baldur Dýrfjörð lögfæðingur hjá Samorku erindi.

Guðrún ræddi um þau sjónarmið sem verkefnastjórn legði áherslu á við vinnu sína. Lagði hún áherslu á að hlutlægar matsaðferðir og að það ættu sér stað samtöl við hagsmunaaðila. Baldur fór yfir hlutverk Samorku og tengls þeirra við sveitarfélög. Hann fór yfir reglur um skattlagningu orkeigna sem og auðlindagjald. Hann lagði áherslu á að ræða saman og finna sameiginlegar lausnir.

Gerður var góður rómur að erindunum og að þeim loknum gaf Gunnþóra Stefáni orðið sem lagði til að liðir 1-3 væru ræddir saman sem var samþykkt.

Stefán gerði grein fyrir rekstri félagsins á árinu.

Ársreikningi félagsins var dreift til fundarmanna. Reikningar félagsins voru samþykktir einróma og án athugasemda. Sem og starfs og fjárhagsáætlun. Einnig þá voru tillögur um árgjöld og þóknun samþykkt samhljóða.

Liður fjögur féll niður þar sem engin lagabreyting kom fram.

Borin var upp tillaga að nýrri stjórn. Engin bauð sig fram eða gerði athugasemd við tillöguna og var hún samþykkt samhljóða með lófaklappi.

Nýja stjórn skipa þau Árni Eiríksson, Flóahreppi, Ása Valdís Árnadóttir, Grímsnes- og Grafningshreppi, Dagbjört Jónsdóttir, Þingeyjarsveit, Jóhann Friðrik Friðriksson, Reykjanesbæ, Ragnhildur Haraldsdóttir, Húnavatnshreppi, Skarphéðinn Orri Björnsson, Hafnarfjarðarbæ Varastjórn skipa þau Þorsteinn Gunnarsson, Skútustaðahreppi, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Ásahreppi, Valdimar O. Hermannsson, Blönduósbæ, Aðalheiður Borgþórsdóttir, Seyðisfjarðar-kaupstað

Þá voru skoðunarmenn stjórnar endurkjörnir með lófaklappi.

Fleira ekki gert og stóð Stefán upp og þakkaði traustið, lauk lofi á samstarfið við aðra stjórnarmenn og minntist látins félaga úr stjórninni. Að því loknu sleit hann fundi.